

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
Miðvikudaginn 15. júlí 2026, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Á fundinum sem boðaður var með skömmum fyrirvara, var farið yfir fyrirkomulag deildarkeppna og breytingar á kynjaskiptingu í yngri flokkum, til samræmis við umræðu á formannafundi.

Helstu umræðuefni

- Fyrirkomulag toppdeildar karla fyrir tímabilið 2026-2027.
- Uppskipting og kynjaskipting í U18 deildinni.

Ákvarðanir

- U20 landslið Íslands tekur þátt í tveimur fyrstu umferðum toppdeildar karla fram að áramótum ásamt öðrum liðum deildarinnar.
- U18 deildin verður eingöngu drengjadeild á komandi tímabili.
- Komið verður á fót keppni fyrir U17 stúlkur sem samanstendur af þremur helgarmótum.

Fundi slitið.